

81 stæðufjórðingina. Bætur skal ekki greiða á heildarinnstæðufjórðingir manna, sem 23. des. lægri eru en kr. 200.00.

Lög þessi öðlast þegar gildi. 2. gr.

Gjört í Reykjavík, 23. desember 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

82
23. des.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 94 19. júní 1933, um tékka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 46. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Nú eru almennir útlánsvextir banka hærri en 6 af hundraði á ári, og skal þá heimilt að krefja um vexti af tékka í samræmi við það þrátt fyrir ákvæði 45. og 46. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. desember 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

83
23. des.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 93 19. júní 1933, um víxla.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 49. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Nú eru almennir víxilvextir banka hærri en 6 af hundraði á ári, og skal þá heimilt að krefja um vexti af víxli í samræmi við það þrátt fyrir ákvæði 48. og 49. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. desember 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.